



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Almennur stjórnarfundur

FUNDARGERÐ

<b>Dags.</b>	10. jan. 2018
<b>Fundartími:</b>	Kl. 20:00
<b>Fundarstaður:</b>	Þrastarás 46, Hafnarfjörður
<b>Fundarstjóri:</b>	Anna María Moestrup
<b>Fundarritari:</b>	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
<b>Fjöldi mætra:</b>	7: Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir, Helga Karlsdóttir, Anna María Moestrup, Sunna Ingvarsdóttir, Sigríður Þóra Gabríelsdóttir, Íris Ebba Ajayi, Sigurður Ari Tryggvason.

### 1. Þema fyrir næstu sýningar

Nokkrar hugmyndir voru sendar inn fyrir þema næstu sýninga. Næsta vorsýning mun þemað vera röndótt. Næst kemur Goth, Glamúr og Galaxy.

### 2. Húsnæði fyrir næstu sýningu

Formaður fundaði með styrktaraðila í dag til að fá aðstoð í húsnæðismálum. Búið er að tala við öll íþróttahús, Formaður skoðaði hjá Blómaval í dag líka en það er alltof lítið. Þarf að athuga með Korputorg. Gjaldkeri talaði við Kaupum Gull en þeir eiga iðnaðarhúsnæði í Mosó. Það gæti verið möguleiki að leigja þar. Sýningarstjóri ætlar að tala við gömlu Krónuna. Gjaldkeri ætlar að tala við Miklugarða.

### 3. Sýningargjöld

Rætt um að hækka sýningargjöld og eru allir stjórnarmeðlimir samþykkir því. Hækkun verður á fyrsta kött í 6.300 kr og næsti köttur í 4.200 kr.

### 4. Samningur við styrktaraðila

Samningur við aðal styrktaraðila er fallinn úr gildi og þarf að fara í það að endurnýja hann. Athuga mætti hvort hægt sé að fá fleiri styrktaraðila. Önnur hugmynd er líka að lengja samningstímann. Fylgja þarf líka eftir að láta styrktaraðila borga fyrir prentun á félagsskírteinum. Aftur kom upp hugmynd að láta félagsmenn fá félagsnúmer svo ekki væri vesen með prentun.



**Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands**

**Almennur stjórnarfundur**

**FUNDARGERÐ**

## **5. Auglýsingamál**

Formaður nefnir að vitlausar merkingar voru á verðskrá Kynjakatta fyrir auglýsingar til fyrirtækja. Uppfæra þarf verðskrá og gefa einungis upp verð án virðisauka en hafa hann sýnilegan í prósentu tölu.

Breyta þarf afsláttarkerfi af auglýsingum. Fara í 15% af seinni auglýsingu ef samið er um að auglýsa í næstu 2 blöðum.

Hugmynd að búa til samning um auglýsingar, þ.e. senda á kaupenda og láta skrifa undir þegar auglýsing er keypt.

Kynjakettir sjá um alla bikara fyrir vorsýningar nema við fáum eitthvað fyrirtæki til að styrkja.

Hugmynd um að útbúa óútfyllt gjafabréf og fá fyrirtæki til að gefa þannig í verðlaun.

## **6. Aðalfundur 2018**

Áætla aðalfund þann 21. apríl, til að hafa hann vel fyrir aðalfund Fifé.

Opið er fyrir að senda inn lagabreytingar hjá Fifé þar til í Febrúar.

Óska eftir tillögum að umræðuefni fyrir aðalfund Kynjakatta.

Það þarf að upplýsa félagsmenn um þær lagabreytingar sem sem á að kjósa um hjá Fifé til að taka púlsinn á þeim.

## **7. Tiltekt á vefsíðu**

Sýningarstjóri ætlar að skoða gagnagrunn og athuga hvaða ræktanir hafa ekki komið með got í 3 ár eða meira svo hægt sé að hreinsa til á vefnum.

Gera þarf frétt um að málið að það verði tiltekt á næstu vikum og fólk hafi 1 mánuð frá dags fréttar til að hafa samband ef það vill vera skráð í ræktunarhlé.

Fundi slitið kl. 23:41